

Greinargerð

Greinargerð

Almennt
Deiliskipulagið er unnið með það að meginmarkmiði að endurnýja starfsleyfi urðunarstaðarinnar í Laugardal við Húsavík en skv. reglugerð nr. 738/2003 um urðun og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun er deiliskipulag forsenda starfsleyfis. Deiliskipulagssvæðið fyrir urðun er um 6,7 ha að stærð samkvæmt aðalskipulagi Norðurljósinga 2010-2030. Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði urðað allt að 500 tonnum af óvirkum úrgangi árléga (úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega og hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið, t.d. múrbrot, gler, keramik, postulín o.fl.) og geymslusvæði fyrir brotajám, dekk og úrgangstímur um nokkurt skeið. Landið umhverfis urðunarsvæðið er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota í gildandi aðalskipulagi Norðurljósinga 2010-2030. Hluti svæðisins er jafnframt skilgreint sem svæði undir náttúruvá (sprungusvæði) og þar er ekki heimilt að reisa varanleg mannvirki.

Forsendur
Svæðið hallar til norðvesturs, að sjó. Þó segja megi að svæðið sé að mestu gróð hefur því verið raskað að miklu leyti enda hefur verið starfræktur þar tippur fyrir óvirkan úrgang (s.s. múrbrot, jarðveg, gler, keramik, postulín o.fl.) og geymslusvæði fyrir brotajám, dekk og úrgangstímur um nokkurt skeið. Landið umhverfis urðunarsvæðið er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota í gildandi aðalskipulagi Norðurljósinga 2010-2030. Hluti svæðisins er jafnframt skilgreint sem svæði undir náttúruvá (sprungusvæði) og þar er ekki heimilt að reisa varanleg mannvirki. Deiliskipulagstillagan er unnin á grundvelli fyrremnds aðalskipulags Norðurljósinga 2010-2030. Í aðalskipulaginu er svæðið merkt sem sorpförgunarsvæði S1 og nánar skilgreint sem urðunarsvæði fyrir óvirkan úrgang og geymslusvæði fyrir brotajám, dekk og úrgangstímur frá þjónustusvæði Sorpsamlags Þingeyinga. Í skipulagsákvæðum fyrir svæðið segir: „Vísad er til starfsleyfis, útg. 30.12.2002, fyrir geymslusvæði fyrir brotajám, dekk og úrgangstímur og tipp fyrir óvirkan úrgang. Heimilt að taka á móti allt að 5.000 tonnum af úrgangi á ári. Starfsleyfið gildir til 1.12.2012 en reiknað er með að svæðið geti nýst út skipulagstímabilið.“

Eins og áður hefur komið fram hefur svæðið verið nýtt sem urðunarsvæði fyrir óvirkan úrgang í fjólda ára en ekki er vitað um heildarmagn sem urðað hefur verið þar. Upplýsingar liggja hins vegar fyrir um hvar mismunandi gerðir úrgangs hafa verið urðaðar í gegnum tíðina, sjá skýringarmynd. Framtíðaráætlun fyrir svæðið hljóðar upp á að taka á móti óvirkum úrgangi allt að 500 tonnum á ári og að nýta svæðið áfram sem geymslusvæði fyrir brotajám, dekk og úrgangstímur. Gert er ráð fyrir nýtingu á svæðinu út skipulagstímabil til 2030. Gengið verður frá eldri urðunarsvæðum sem falla utan skipulagssvæðis með landmótun til að bæta ásynd umhverfis staðarinnar.

Umhverfisskýrsla

Inngangur

Deiliskipulag urðunarstaðarinnar í Laugardal við Húsavík lýsir áætlun um áframhaldandi rekstur geymslusvæðis fyrir brotajám, dekk og úrgangstímur, og urðun óvirkis úrgangs, með það að markmiði að endurnýja starfsleyfi. Urðunarstaðurinn hefur starfsleyfi, útg. 30.12.2002 með gildistíma til 1.12.2012. Urðunarstaðurinn þjónar Húsavík og dreiftíðil Norðurljósinga, fyrrum Óxarfjarðarhreppur, Kelduneshreppur og Raufarhafnarhreppur.

Í skipulagreglugerð nr. 90/2013, gr. 5.3.2.7, segir að

„Þar sem gert er ráð fyrir verulegum breytingum á landi, svo sem vegna varnargarða, landfyllinga, efnislosunar, efnistöku eða urðunar, skal gera grein fyrir umfangi svæðis, áfangaskiptingu og tímaáætlun, efnismagni sem fjærægt er, fært til eða bætt er við. Gera skal grein fyrir landmótun, hæðarsetningum og frágangi að framkvæmdatíma loknum.“

Staðhættir á urðunarsvæði:

Urðunarsvæðið er í aflöndi brekku ofan við ströndina og neðan þjóðveggar og liggur á bilinu 20-40 m.y.s. Landslag svæðisins einkennist mest af náttúrulegum skorningum og dældum og er svæðið allt vel gróð en þegar nokkuð raskað af fyrri losun þar. Sökum landslagsins þá er urðunarsvæðið lítið áberandi frá þjóðvegginum hvort sem komið er keyrandi að sunnan eða norðan. Sunnan við svæðið, á toppi Húsavíkurhófa er gamla ker úr ostagerð sem hefur fengið nýtt hlutverk hjá bæjarbúum og ferðamönnum. Í keru er dælt vatni úr borholu og er nýtt sem heit laug. Keru sýnir þannig að það gestir njóta fallegs útsýnis út yfir Skjálfanda og Lundey og þaðan sést vel yfir urðunarsvæðið.

Tengsl við aðrar áætlanir

Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Norðurljósinga 2010-2030 sem undirritað var af umhverfisráðherra þann 22. desember 2010. Í aðalskipulaginu er urðunarstaðurinn í Laugardal skilgreindur sem sorpförgunarsvæði S1. Þar er gert ráð fyrir að sorpförgunarsvæðið geti nýst út skipulagstímabilið. Þá tekur nýtt deiliskipulag mið af landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 sem gefin er út af Umhverfisstofnun.

Aðrir kostir

Rúmlega 90 km eru til Akureyrar þar sem næsta víðurkennda móttökustöð er fyrir óvirkan úrgang sem síðan flytur úrgang til urðunarstaðarinnar við Stekkjarvík í Blönduós. Það er kostnaðarsamt að flytja úrgang um langan veg, sérstaklega þar sem um fjallveg er að fara sem getur verið tvísynn yfirferðar stóran hluta ársins. Gróft áætlað má gera ráð fyrir að það purfi að aka um 20-30 ferðir árléga með trailer til að koma þessu magni til Akureyrar.

Lýsing á framkvæmdum

Einungis aðilar með leyfi frá starfsleyfishafa hafa aðgang að urðunarsvæðinu og losa þar úrgang skv. fyrirmælum. Aðilar sem fá leyfi til að losa úrgang verður skylt að halda dagbók yfir losanir þar sem fram kemur hvaðan úrgangur kemur inn á svæðið, gerð úrgangs og áætlað magn. Árlega skila þeir svo samantekt um allar losanir til rekstraráðila. Úrgangi verður fyrirkomið á þeim stöðum á lóð og á þann hátt að landmótun falli sem best að nánasta umhverfi staðarinnar og valdi sem minnstum sjónrænum áhrifum. Fyrirmæli um mótun lands á lóðinni verða gefin út í samráði við skipulags- og byggingarnefnd sveitarfélagsins í samræmi við skilmála þessa deiliskipulags. Ávallt verður tilgreint ákvæðið svæði fyrir losun og yfirborð þess jafnað út með reglulegu milliðli. Þegar lokað er ráð á svæðið sem urðað hefur verið í er um 1 m á þykkt þekjulag úr völdu jarðefni sett þar ofan á. Leitast verður við að leiða ofanvatn á lóð framhjá urðunarsvæðinu og lágmarka uppsöfnun vatns í úrganginum. Allur rekstur urðunarstaðarinnar miðar að því að hann sé ávallt snyrtilegur og valdi sem minnstum áhrifum á umhverfið.

Íbúabyggð

Fjarlægð frá urðunarstað að næsta íbúðarhúsi er um 840 metrar. Það eru íbúðarhúsin sem standa við Lyngbrekku 1,3,5,7,12,13,14,15 og 17, Húsavík.

Vegir


Um 475 metrar eru frá svæðinu að þjóðvegi nr. 85, Norðausturvegi, og er aðkoma að svæðinu frá honum.

Byggingarreitir

Ekki er reiknað með að reisa nein varanleg mannvirki í tengslum við urðunarstaðinn.

Frágangur eldri urðunarsvæða

Eldri og þegar frágengin urðunarsvæði liggja fyrir utan skipulagsmörkin.



Úr aðalskipulagi Norðurljósinga 2010-2030, ekki í mælikvarða. Urðunarstaður er merktur S1.

SKÝRINGAR

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- URÐUNARSVÆÐI I
- URÐUNARSVÆÐI II
- GEYMSLUSVÆÐI
- GIRÐING

Samþykktir

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____ 2013

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 41. grein

Skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

Skipulags- og umhverfisstjórn

þann 5. nóv. 2013

Bæjarstjórn

þann 19. nóv. 2013

Tillagan var auglýst frá 19. sept. 2013

með athugasemdafresti til 1. nóv. 2013

Stjórn
Stjórn
(Undirskrift)

Umhverfismat

Þar sem áætlað er að urða minna en 500 tonn af úrgangi á ári á urðunarstaðnum er framkvæminn ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lóg nr. 106/2000, viðauka 1 en er tilkynningaskilyld skv. töluútl. 11. B í 2. viðauka laganna.

Sá þáttur deiliskipulagsins sem talinn er geta valdið umhverfisáhrifum er urðunin þ.e. áhrif á landslag og ásynd, dýr, gróður, fornleifar og loftgæði.

Eftirtaldir umhverfisþættir eru helst taldir geta orðið fyrir áhrifum af völdum skipulagsins:

Áhrif á landslag og ásynd lands

Urðunarsvæðið er hullið sýn frá þjóðvegginum vegna náttúrulegra aðstæðna en eins og áður hefur komið fram þá er urðunarsvæðið sýnilegt frá Ostakerinu (heit laug efst á Húsavíkurhófa). Til þess að lágmarka neikvæð áhrif ásyndar fyrir gesti Ostakersins er mikilvægt að gengið verði vel um urðunarsvæðið og gengið frá yfirborði jafnoðum eins og hægt er.

Áhrif á landslag og ásynd lands eru talin óveruleg.

Áhrif á fuglalíf

Þær fuglategundir, sem gætu orðið fyrir áhrifum vegna urðunarsvæðisins, eru algengar, hvort sem lítið er á stofna á landsvísi eða innan landshlutans. Þar sem áhrifsvæðið er tiltölulega lítið og þegar raskað missa fá varppör búsvæði sín og því er ekki gert ráð fyrir því að framkvæminn hafi áhrif á heildarstofnstærð þeirra tegunda sem verpa eða nýta sér fyrirhugað framkvæmdasvæði á einhvorn hátt. Rekstur og frágangur urðunar og efnis á geymslusvæði verður háttað þannig að bíði ekki tjóns af.

Áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf eru talin óveruleg.

Áhrif á gróður

Gróður á svæðinu umhverfis urðunarstaðinn er að mestu lyngmói, grasblettir og rofblettir. Alaskalúpinu er enn fremur að finna þar sem hún hefur náð að festa rætur. Áhrifsvæði gróðursröskunar vegna urðunar er frekar lítið. Röskun á svæðinu hefur þegar átt sér stað vegna starfssemi undanfarinna ára. Lítið óraskað svæði er að finna í jaðrinum. Ef jaðarsvæðin verða nýtt þá er mælst til þess að taka svarlögð (efstu 20 sm) til hlíðar og nýta það til jarðvegsfrágangs er urðun er lokið.

Áhrif framkvæmdarinnar á gróður eru talin óveruleg.

Áhrif á fornleifar

Forminjar hafa verið skráðar innan þéttbýlissvæðis Húsavíkur, þ.á.m. beitarrústóftir í Laugardalnum sem taldar eru hafa varðveislun og kynningargildi. Þær eru staðsettar rétt sunnan urðunarsvæðisins. Engar þekktar minjar eru innan framkvæmdasvæðisins. Verði vart við hugsanlegar forminjar við gróft á urðunarsvæðinu verður verk stöðvað og Minjarstofnun Íslands strax tilkynnt um þær.

Áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar verða engin.

Áhrif á andrúmsloft

Þar sem um ólífrænan og óvirkan úrgang er að ræða er ekki talið að þáttarmengun verði frá svæðinu. Losun jarðefna sem myndu ryk verður takmörkuð m.t.t. vindafars í fyrirmælum til losunaráðila. Áhrif framkvæmdarinnar á andrúmsloft verða því óveruleg.

Áhrif á samfélag

Samfélagið verður fyrir jákvæðum áhrifum þar sem að stórf skapast innan sveitarfélagsins og að fjárhagslegur og umhverfislegur ávinningur er fólgin í því að sörp sé ekki flutt út úr sveitarfélaginu.

Áhrif á samfélagið eru talin jákvæð.

Vöktun

Rekstraráðili mun vakta alla umhverfisþætti samkvæmt starfleyfi s.s. hugsanleg áhrif á loftgæði vegna rykmengunar frá losun farma.

Samantekt og niðurstaða

Fyrirhugað er að urða allt að 500 tonn á ári af óvirkum úrgangi á urðunarstaðnum og því er deiliskipulag nú lagt fram vegna endurnýjunar á starfsleyfi. Sveitarfélagið rekur sorprennslustöð að Vöðmúrum 3 sem er sunnan við Húsavík og tekur hún við sorpi frá almenningsi og fyrirtækjum. Þar er einnig að finna gám fyrir gróðurúrgang. Sveitarfélagið mun áfram stuðla að bætri og aukinni flokkum úrgangs, endurvinnslu og minni urðun.

Urðunarstaður í Laugardal hefur verið í rekstri undanfarin ár og röskun þegar átt sér stað á svæðinu. Landform svæðisins mun breytast óverulega til lengri tíma lítið og með samhlöðu landmótun og uppræðslu á urðunarsvæðinu gæti ásyndin batnað. Áhrif framkvæmdarinnar á umhverfisþætti að ofan verða óveruleg eða engin.